

# Lög

**um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara  
og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,  
nr. 87/2008, með síðari breytingum (skip- og vélstjórnarréttindi).**

---

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: meistararéttindum í iðngrein eða öðru fagnámi sem ráðherra viðurkennir og nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.*